Þegar vinnsla lýkur fæst samband við skiptistöð aftur. Rétt er að benda á að samband við fjölnotendavél rofnar ekki sjálfkrafa ef slökkt er á tölvu eða keyrsla kermit

³Hjá Reiknistofnun Háskólans fást notendaleiðbeiningar um vinnslu á Kröflu, vms vélum og PC vélum. Einnig fæst handbók um tölvusamskipti fyrir þá sem vilja nota tölvupóst og tölvuþing.

300 bita mótald	29611	1 lína
1200 bita mótald	28366	4 línur
2400 & 1200 bita mótald	(69)4748	2 línur
75/1200 bita mótald	29707 & 29697	2 línur
X.25 gagnanet	274011326016	

Mynd 2: Upphringilínur hjá RHÍ.

forrits á PC vél stöðvuð. Notandi verður sjálfur að aftengja tölvu (logga af) með viðkomandi skipun (<Ctrl>D á kröflu), eða nota *break*. Það er gert með því að slá á <Ctrl><Break> á PC. Til þess að ná aftur sambandi við kermit á PC vélinni er slegið á <Alt><F₁₀>.

2.1.2 Notandi með mótald

```
C> kermit
Kermit-MS> connect
ATD694748
CONNECT 1200
```

<Return> <Return> <Return>

```
1 Hekla
2 Katla
7 Krafla
```

```
Veljið tölvu: 7
Tenging...
```

```
Krafla          Góðan dag.
login: beggi
passwd: ...
```

```
Velkominn til starfa við Kröflu.
[1] %
```

Notandi með mótald gangsetur fyrst kermit

og setur hann síðan í skjáham með connect skipuninni, samanber dæmi hér að ofan. Þegar hér er komið við sögu verður notandi að gefa mótaldi skipun um að hringja í eitt-hvert númer hjá RHÍ, sjá mynd 2. Það er breytilegt eftir tegundum mótalda hvernig þeim er stýrt, en í dæminu hér á eftir er gert ráð fyrir að notandi hafi Hayes samhæft mótald. Þegar samband er komið á er slegið nokkrum sinnum á <Return> og fæst þá samband. Textinn CONNECT 1200 kemur frá mótaldinu til staðfestingar um að samband hafi náðst á 1200 baud hraða. Notandinn fær samband við skiptistöð, velur vél 7 og hefur vinnslu.

Þegar vinnslu lýkur fæst samband við skiptistöð aftur. Það er einnig háð tegund mótalds hvernig mótaldstenging yfir símalínu er rofin. Athugið að símalína er upptekin meðan vinnsla fer fram.

Fyrir notendur innanbæjar er hagkvæm-ara að nota venjulega línu, en fyrir notendur sem hringja utan af landi getur verið betra að nota X.25 gagnanetið.

2.2 Afrit af vinnslu

Hægt er að taka afrit af öllu sem birtist á skjá í skjáhermi, yfir í skrá eða á prentara. Ef gefin er skipunin log session xx.dat á undan connect skipun, fer allt sem kemur fram á skjá (bæði frá fjölnotendavél og

[?] % <u>kermit</u>	Kermit gangsettur á kröflu. Athugið! Skipun með litlum stöfum.
C-Kermit> <u>server</u>	Setjum kermit á kröflu í <i>server</i> ham. Kermit á fjölnotendavél er nú tilbúinn til að taka á móti og senda skrár.
<u><Alt>< F₁₀ ></u>	Notandi fær samband við PC kermit
Kermit-MS> <u>get utt.lis</u>	Skrá send, Krafla ⇒ PC.
Kermit-MS> <u>bye</u>	Stöðvar vinnslu á Kröflu.
Kermit-MS> <u>exit</u>	Stöðvar kermit á PC vél.
C>	Vinnslu lokið.

Mynd 3: Skrá send frá kröflu yfir á PC.

notanda) í skrána. Ef gefin er skipunin `log session prn` fer afritið beint á prentara.

```
C> kermit
Kermit-MS> log session xx.dat
Kermit-MS> connect
```

Þetta getur verið mjög gagnlegt þegar notandi vill skoða ítarlegar ýmis atriði í rólegheitunum eftir að vinnslu er lokið. Einnig má nota slíka útprentun sem skýringar í handbók, eða leiðbeiningar.

2.3 Sérstakir lyklar og aðgerðir í skjáham

Á þessu stigi er rétt að benda á þrjá lykla sem hafa sérstaka merkingu í skjáham. Þeirra hefur verið getið annars staðar, en rétt er að leggja áherslu á þá með því að fjalla sérstaklega um þá hér.

Eins og áður var sagt fer allt sem notandinn slær inn til fjölnotendavélar *nema* þeir lyklar sem upp eru taldir hér að aftan (auk nokkurra sem ekki verður fjallað um í þessu hefti).

`<Ctrl><break>` Sendir `<break>` merki. Hjá notanda með raðtengi er tenging við fjölnotendavél rofin og gefið samband við skiptistöð aftur. Ef einhverjum vandkvæðum er háð að ná sambandi við skiptistöðina er þetta rétta leiðin til að ýta við honum. Notandi með mótald fær aftur á móti samband við mótaldið, án þess að tengin við fjölnotendavél sé rofin.

`<Alt>< F9 >` Gefur samband við DOS skel. Tenging við fjölnotendavél er ekki rofin á meðan. Til að komast aftur í skjáhermi (sem bíður), gefið DOS skipun `exit`.

`<Alt>< F10 >` Gefur samband við kermit á PC. Tenging óhreyfð.

3 Skráaflutningur

Til að flytja skrár á milli kröflu og PC verður notandi fyrst að gangsetja kermit á PC vél. Síðan er kermit settur í skjáham líkt og sýnt er hér að framan á mynd 1 og sambandi komið á.

[?] % <u>kermit</u>	Kermit gangsettur á kröflu. Athugið! Skipun með litlum stöfum.
C-Kermit> <u>server</u>	Setjum kermit á kröflu í <i>server</i> ham. Kermit á fjölnotendavél er nú tilbúinn til að taka á móti og senda skrár.
<u><Alt>< F₁₀ ></u>	Notandi fær samband við PC kermit
Kermit-MS> <u>send text.dat</u>	Sendum skrá, PC ⇒ kröflu.
Kermit-MS> <u>bye</u>	Stöðvar vinnslu á Kröflu.
Kermit-MS> <u>exit</u>	Stöðvar kermit á PC vél.
C>	Vinnslu lokið.

Mynd 4: Skrá send af PC vél yfir á kröflu.

Vegna þess að framkvæma þarf þýðingu milli ólíkra stafasetta þegar skrár eru fluttar milli véla verður notandi að vera meðvitaður um hvað hann er að flytja. Annars vegar er um að ræða *textaskrár*, án allra ritsniða ss. undirstrikana. Þegar þær eru fluttar verður að þýða séríslenska stafi vegna ólíkra stafasetta. Hins vegar eru ritvinnsluskjöl (úr WordPerfect eða Word), forrit (td. KERMIT.EXE) archive skrár og pakkaðar skrár, svokallaðar *óbreyttar* skrár (*binary* skrár). Í þeim má engu breyta, skráin verður að líta út eins, staf fyrir staf á báðum vélum. Þessum tveimur flutningsaðferðum er lýst hér á eftir.

Athugið að þegar skráaflutningi er lokið verður að stöðva kermit á fjölnotendavélinni (með *finish* eða *bye* skipun). PC vélin sér ekki um það fyrir okkur, jafnvel ekki þegar slökkt er á henni.

3.1 Flutningur textaskráa

Þegar samband hefur náðst og notandi hefur hafið vinnslu á fjölnotendavél verður hann að gangsetja kermit forrit á fjölnotendavélinni líka. Síðan verður að segja

kermit á fjölnotendavél að fara í svonefndan *server* ham. Það þýðir að hann tekur á móti skipunum frá kermit á PC og framkvæmir þær. Nú má segja kermit á PC að senda skrár og ná í skrá og sér hann um að segja kermit á fjölnotendavélinni fyrir verkum. Kermit forrit eru nú í gangi á báðum vélum og skiptast á orðsendingum. Kermit á PC stjórnar og segir hinum fyrir verkum.

Í dæmi á mynd 3, blaðsíðu 7, er sýnt hvernig notandi flytur skrá frá fjölnotendavél yfir á PC vél. Í dæminu er reiknað með að notandi hafi nú þegar hafið vinnslu og sé því tilbúinn til að gefa fjölnotendavél skipanir. Hann gangsetur kermit á fjölnotendavél og setur hann í *server* ham með *server* skipun. Kermit á fjölnotendavél er nú tilbúinn til að taka við skipunum frá kermit á PC. Til að ná sambandi við kermit á PC er slegið á <Alt>< F₁₀ > og nú má segja PC kermit að ná í skrána með skipun *get text.dat*. Þegar flutningi er lokið hefur orðið til ný skrá á PC vél sem er eins og skráin á fjölnotendavélinni. Vinnslu er síðan hætt með *bye* skipun sem stöðvar kermit á báðum vélum og rýfur tengingu milli þeirra.

Í dæmi á mynd 4, blaðsíðu 8 er sýnt hvernig notandi flytur skrá frá PC vél yfir á fjölnotendavél. Það er að öllu leyti eins og dæmið hér að ofan nema notuð er skipun `send utt.lis` til að senda skrá.

3.2 Óbreyttar skrár

Þær skipanir sem voru kynntar hér að framman gera okkur kleyft að flytja texta milli véla og sér kermit um að þýða séríslensk tákni milli mismunandi stafasetta. Stundum vill notandi flytja skrár *án* þýðingar, td. ritvinnsluskjöl, archive, forrit eða pakkaðar skrár sem hann vill senda áfram í pósti. Þetta þýðir að eftir flutning er skráin eins, staf fyrir staf á báðum vélum. Til að ná þessum árangri verður að segja kermit á báðum vélum að breyta engu. Á fjölnotendavél er það gert með skipun `set file type binary` og til að setja þýðingu á aftur er gefin skipunin `set file type text`. Á PC vél er gefin skipun `set file-translation none` til að taka þýðingu af og til að setja hana á aftur, `set file-translation iso`. Því miður hefur form á skipunum ekki verið samræmt ennþá.

```
[?] % kermit
C-Kermit> set file type binary
C-Kermit> server
```

<Alt>< F10 >

```
Kermit-MS> set file-translation none
Kermit-MS> send skrá
Kermit-MS> get skrá
Kermit-MS> bye
C>
```

Notandi segir fyrst kermit á fjölnotendavél að breyta engu áður en server er gangsettur, síðan fer hann yfir á kermit á PC og segir

honum að breyta engu. Þá getur flutningur skráa hafist.

3.3 Aðgerðir í server ham

Þegar kermit hefur verið settur í *server* ham á fjölnotendavél má gera ýmislegt fleira en bara flytja skrár. Helstu aðgerðir sem koma til greina eru:

- Gefa skipanir um að senda skrár milli vélanna sbr. kafla 3.1.
- Fara aftur í skjáham. Þá þarf fyrst að stöðva *server* á fjölnotendavél með `finish` skipum. Síðan er gefin `connect` skipum til að fara í skjáham.
- Stöðva kermit á báðum vélunum og rjúfa tengingu. Til þess er gefin skipun `bye`. Sjá nánar kafla A.2
- Einnig er mögulegt að gefa ýmsar stýrikerfis-skipanir sem eru framkvæmdar á fjölnotendavélinni eða PC vél. Sjá kafla A.4.
- Til að komast tímabundið í MS-DOS stýrikerfið án þess að stöðva kermit má gefa skipun `push`. Þegar vinnslu er lokið er gefin DOS skipun `exit` til að komast aftur í kermit.

4 Aðlögun

Þegar kermit er gangsettur kemur hann upp með ýmis sjálfgefin gildi sem henta notanda í flestum tilvikum. Þó koma tilvik upp þar sem notandinn vill breyta út frá þeim. Notandi getur þá á tvennan hátt aðlagð kerfið þörfum sínum.

Gott dæmi er sendingarhraði. Kermit kemur alltaf upp á 9600 baud hraða, en ef ætlunin er að vinna á 1200 baud má gera:

```
C> kermit  
Kermit-MS> set baud 1200  
Kermit-MS> connect
```

Í þessu dæmi er sendingarhraða breytt með skipuninni `set baud 1200` áður en vinnsla hefst.

Til er önnur og betri leið. Þegar kermit er gangsettur leitar forritið að skrá sem heitir `MSKERMIT.INI`. Kermit leitar fyrst að henni á því safni sem notandi er staddur á, síðan á því safni þar sem kermit forritið sjálft er geymt. Ef hún finnst, eru skipanir sem í henni finnast framkvæmdar. Því er hægt að setja skipunina `set baud 1200` í þessa skrá og þar með er tryggt að kermit kemur í framtíðinni alltaf upp á 1200 baud hraða. Hægt er að skoða stöðu flestra atriða sem má breyta með `set skipun`, með status skipuninni.

Ýmsum öðrum hlutum sem stjórna hegðun forritsins má breyta á sama hátt. Sérstaklega má benda á að nú orðið er hægt að útbúa fjölva þe. forrita eigin skipanir, td. login.

RHÍ dreifir með kermit `MSKERMIT.INI` skrá sem notendur geta stuðst við og er hún miðuð við samskipti við vélar stofnunarinnar. Flestir notendur geta notað hana að mestu óbreytta (athugið samskiptahraða). Í viðauka B er birt innihald hennar eins og RHÍ dreifir henni, með skýringum.

5 Lokaorð

Fyrir alla venjulega notkun eru ofangreindar leiðbeiningar fullnægjandi. Kermit býður reyndar upp á margar fleiri og flóknari skipanir. Nánari upplýsingar má finna í enskri notendahandbók þar sem skipanir og samskiptareglur eru útskýrðar í smáatriðum. Hana má fá hjá RHÍ, annað hvort útprentaða eða á diskettu.

Sífelld er unnið að endurbótum á þessum forritum og má búast við nýrri útgáfu af PC kermit frá RHÍ með haustinu 1989. Meðal þess sem verið er að vinna að eru möguleikar á stærri pökkum, svokallaður „sliding window“ sem leyfir útistandandi pakka og ætti að auka afköst í sendingum, sérstaklega yfir net og langar vegalengdir. Einnig verður stigið stórt skref til samræmingar á þýðingum milli stafasetta. Þar verða vonandi endanlega leyst öll vandamál vegna sér-íslenskra stafa.

A Helstu skipanir

Meðan verið er að slá inn kermit skipanir eru eftirtaldir lyklar virkir. (\sim W þýðir að *<Control>* lykli er haldið niðri meðan slegið er á W).

<i><Delete></i>	Eyðir síðasta innslegna tákni.
\sim W	Eyðir seinast orði.
\sim U	Eyðir allri línunni.
?	Gefur lista yfir alla möguleika hvenær sem er við innslátt skipunar. Notið ótæpilega. Sjá kafla 1.5.
<i><Escape></i>	Fyllir út skipun eftir getu. Sjá kafla 1.5.

Hægt er að stytta skipanir að því marki sem þær eru greinanlegar frá öðrum skipunum. Sumar má þó stytta ennþá frekar, td. má stytta skipunina connect niður í C, send í S og receive í R.

Hægt er að skilgreina fjölva til að vinna ýmsa hluti. Þá er runa af skipunum skilgreind sem ein skipun. Einnig er til nokkurs konar forritunarmál með inntaks og úttaks skipunum, skilyrðissetningum og lykkjum. Ekki verður farið út í að lýsa þeim hér, aðeins vísað í greinagóða lýsingu í enskri handbók.

A.1 Almennar skipanir

HELP	Birtir skýringamynd með kynningu á helstu skipunum. Bendir notanda á að nota ?.
EXIT, QUIT	Hættir vinnslu. Athugið að tenging við vél er ekki rofin sjálfkrafa. Því er hægt að gangsetja kermit aftur og halda áfram vinnslu í skjáham þar sem frá var horfið. Gleymið samt ekki að rjúfa tengingu þegar þið viljið hætta vinnslu.
PUSH	Kallar fram DOS stýrikerfið. Kermit býður í minni á meðan og eru öll uppsetningaratriði óbreytt. Til að komast aftur í kermit, gefið DOS skipunina exit. Athugið að kermit forritið tekur mikið pláss í minni þannig að ekki er mikið aflögu fyrir DOS.
CONNECT	Setur kermit í skjáham. Allt sem slegið er inn fer til fjölnotendavélar og allt sem kemur frá henni er birt á skjá. Kermit líkir eftir VT102 og getur líka líkt eftir VT50 og Tektronix 4010. Til að rjúfa tengingu við vél (senda <i><Break></i>) sláið á <i><Alt><F₁></i> . Til að komast beint í DOS skel án þess að eiga við skjáhermi sláið á <i><Alt><F₉></i> . Til að fá samband aftur við kermit á PC sláið á <i><Alt><F₁₀></i> .
LOG SESSION <i>skrá</i>	Leyfir notanda að taka afrit af samskiptum sínum við fjölnotendavél í skrá. Ef nafn á skrá er prn fer allt jafnóðum út á prentara, ekki skrá.

A.2 Skráaflutningur

SERVER	Segir kermit (á fjölnotendavél) að framkvæma allar skipanir sem kermit á PC sendir honum. Allar skipanir sem taldar eru upp í kafla A.4 getur kermit framkvæmt í server ham á fjölnotendavél auk þeirra skipana sem taldar eru upp í þessum hluta.
SEND <i>skrá</i>	Sendir skrár yfir á fjölnotendavél. Ef skipun er gefin án skráarnafns spyr kermit um nafn á skrá og nýtt nafn á fjölnotendavél. Hægt er að senda margar skrár með einni skipun, td. <code>send *.dat</code>
GET <i>skrá</i>	Segir kermit á fjölnotendavél að senda umbeðnar skrár yfir á PC vél. Sömu reglur gilda hér og um <code>send</code> skipunina varðandi skráanöfn.
BYE	Stoppar <i>server</i> og hættir vinnslu á fjölnotendavél og PC vél.
FINISH	Stoppar <i>server</i> á fjölnotendavél en skilur við tengingu óhreyfða. Sláið inn <code>connect</code> til að halda vinnslu áfram.
LOGOUT	Eins og <code>bye</code> nema kermit á PC er ekki stöðvaður.

A.3 Skipanir til aðlögunar forrits

Með `set` skipun má breyta út frá ýmsum sjálfgefnum gildum. Aðeins verða tekin dæmi hér en ítarlegan lista er að finna í enskri kermit handbók.

STATUS	Birtir lista yfir flest allt sem breyta má með <code>set</code> skipun.
SHOW	Sýnir stöðu ýmissa atriða.
SET ?	Listi yfir allt sem breyta má með <code>set</code> skipuninni.
SET BAUD	Breytir sendingarhraða.
SET FILE	Segir til um túlkun tákna í skráaflutningi.
SET PARITY	Segir til um hvernig parity skuli nota.
SET TERMINAL	Segir til um uppsetningu skjás, td. túlkun tákna í skjáhermi.
SET KEY	Skilgreinir aðgerð lykils í skjáhermi. Sjá nánar í kafla B.

A.4 Stýrikerfisskipanir

Þessar skipanir eru framkvæmdar á PC vél og virka eins og sambærilegar DOS skipanir. Ef slegið er inn `remote skipun` er hún aftur á móti framkvæmd á fjölnotendavél. Þó ber að athuga að `dir` skipun heitir `ll` á unix og `type` skipun heitir `more` og svo frv.

DEL <i>skrá</i>	Eyðir skrá.
DIR	Birtir lista yfir skrár.
SPACE	Hve mikið pláss er laust á disk/diskettu.
TYPE <i>skrá</i>	Birtir innihald skrár.
RUN skipun	Framkvæmir skipun í skel.

B Hvað er í MSKERMIT.INI

Eins og fyrr sagði eru nokkur vandamál með séríslenska stafi á PC vélum. Skipanir til að segja kermit að nota rétta stafi eru:

set parity none		Tekur af „parity“ bita.
set display 8		Setur skjá fyrir 8 bita stafasett.
set terminal character-set ISO		Setur upp ISO stafasettið.

Einnig má endurskilgreina nokkra lykla á lyklaborðinu. Dæmi um það er `<Alt>< F10 >` sem er notaður til að fara úr skjáhermi aftur í skipanaham á kermit. Eftirfarandi skipanir eru dæmi um slíkar endurskilgreiningar:

set key scan \2408 \Khangup	<code><Alt>< F₁ ></code>	Rýfur samband.
set key scan \2416 \KDOS	<code><Alt>< F₉ ></code>	Kallar upp DOS skel.
set key scan \2417 \Kexit	<code><Alt>< F₁₀ ></code>	Setur kermit í skipanaham.

Boðið er upp á nokkrar skipanir til að hliðra texta á skjá:

set key scan \839 \Khomscn	<code><Shift>Home</code>	Byrjun.
set key scan \847 \Kendscn	<code><Shift>End</code>	Endir.
set key scan \841 \Kupscn	<code><Shift>PgUp</code>	Síða upp.
set key scan \849 \Kdnscn	<code><Shift>PgDn</code>	Síða niður.

Fyrir þá sem nota kröflu og emacs ritilinn þá er gott að nota eftirfarandi skilgreiningar fyrir emacs. Þeir sem nota edt á heklu geta ekki að notað þetta. Þeim er bent á að hafa samband við Friðrik Skúlason hjá RHÍ.

set key scan \327 \027O8	<i>Home</i>	Byrjun síðu.
set key scan \335 \027O7	<i>End</i>	Endir síðu.
set key scan \329 \027O6	<i>PgUp</i>	Síða upp.
set key scan \337 \027O4	<i>PgDn</i>	Síða niður.
set key scan \338 \027O0	<i>Ins</i>	Inn-/Yfirsláttur.
set key scan \339 \027O9	<i>Del</i>	Eyða staf.
set key scan \1399 \027O5	<code><Ctrl>Home</code>	Byrjun á skrá.
set key scan \1397 \027O3	<code><Ctrl>End</code>	Endir á skrá.
set key scan \1395 \027O1	<code><Ctrl> ←</code>	Orð til vinstri.
set key scan \1396 \027O2	<code><Ctrl> →</code>	Orð til hægri.
set key scan \860 \027ON	<code><Shift>F₉</code>	Framkvæma skipun.
set key scan \861 \027OO	<code><Shift>F₁₀</code>	Unix skel.

C Skýringar við efnafræðitöflur

Dálkar í töflunum *sýni* og *sopur*.
 Efnastyrkur í mg/kg nema annars sé getið.
 Efnin eru í vatnsfasa nema þar sem annað er tekið fram.

Dálkur	Athugasemd eða skýring
stadartegund	Tegund sýnatökustaðar, t.d. borhola eða kaldavatnssuppspretta, einn bókstafur
stadur	Lykill sýnatökustaðar, fimm tölustafir
timi	Dagsetning og tími sýnatöku
numer	Númer sýnis, sex tölustafir
safnari	Fangamark þess eða þeirra sem tóku sýnið
dypi	Dýpi í m, sem sýni var tekið á, NULL ef tekið við holutopp
flokkur	NOT NULL ef leynd hvílir á niðurstöðum greiningar
traust	Gæðaflokkur efnagreiningarinnar
tv	NOT NULL ef heildargreining af þéttivatni
aukefn	NOT NULL ef greint er aukaefti, sem ekki er reitur fyrir í skjámynd
hopur	Númer sýnahóps
ath	Athugasemd við eða nánari útlistun á staðsetningu
ts	Hitastig við sýnatöku, °C
ps	Söfnunarþrýstingur, bar á mæli
p0	Holutoppsþrýstingur, bar á mæli
h	Vermi, kJ/kg
hdags	Dagsetning vermismælingar
rennsli	Rennsli, kg/s
ph	Sýrustig, einingarlaust
phiti	Hiti sá, sem sýrustig er mælt við, °C
co2	Heildarkarabónat sem CO ₂
h2s	Heildarsúlfíð sem H ₂ S
nh3	Ammóníak og ammóníumjónir, sem NH ₃
b	Bór
leidni	Eðlisleiðni í µS/cm
lhiti	Hiti sá, sem sýrustig er mælt við, °C
sio2	Kísildíoxíð
uppl	Heildarmagn uppleystra efna
o2	Uppleyst súrefni
rn	Radon í dpm/kg
dd	Tvívetni, ‰ SMOW
do18	Súrefni-18, ‰ SMOW
li	Líþíum
na	Natríum
k	Kalíum
mg	Magnesium
ca	Calsíum
sr	Strontíum
f	Flúoríð
cl	Klóríð
br	Brómíð
i	Joðíð
no2	Nítrít
no3	Nítrat
hpo4	Heildarfosfat reiknað sem HPO ₄
so4	Súlfat

Bókstafur	Tegund	Skýring
B	Borholur	
H	Hverir og laugar	
K	Kaldavatnsuppsprettur	
F	Fastmerki	Land- og þyngdarmælingastaðir, t.d.
R	Rennslismælistaðir	
V	Vatnshæðarmælar	Síritar og kvarðar notaðir til endurtekinna mælinga
O	Orkuver	
M	Önnur mannvirki	
A	Aðrir rannsóknastaðir	Ekki sérstök náttúrufyrirbæri eða mannvirki
S	Snjó- og veðurathuganir	
J	Mælistaðir á jökli	Mælistaðir sem hreyfast með jökli

Dálkar í töflum syni og sopur, framhald.


Dálkur	Athugasemd eða skýring
al	Ál
cr	Króm
mn	Mangan
fe	Járn, bæði tvígilt og þrígilt
cu	Kopar
zn	Zink
arsen	Arsen
ag	Silfur
cd	Kadmíum
sb	Antimón
hg	Kvikasilfur
pb	Blý
jonav	Jónavægi, %
massav	Massavægi, %
g_h2	Vetni í gasfasa, % rúmmáls
g_co2	Koldíoxíð í gasfasa, % rúmmáls
g_h2s	Brennisteinsvetni í gasfasa, % rúmmáls
g_o2	Súrefni í gasfasa, % rúmmáls
g_n2	Köfnunarefni í gasfasa, % rúmmáls
g_ch4	Metan í gasfasa, % rúmmáls
g_nh3	Ammóníak í gasfasa, % rúmmáls
g_ar	Argon í gasfasa, % rúmmáls
g_rn	Radon í gasfasa, dpm/l
g_lgkgv	Fjöldi lítra af gasi sem söfnuðust með hverjum lítra þéttvatns
g_lghiti	Hiti, sem gasi er safnað við, °C
s_co2	Koldíoxíð í gufu, sem safnað er í lút
s_h2s	Brennisteinsvetni í gufu, sem safnað er í lút
s_rn	Radon í gufu, dpm/kg
t_ph	Sýrustig þéttvatns, einingarlaust
t_phhiti	Hiti, sem sýrustig þéttvatns er mælt við, °C
t_co2	Heildarkarboxnat í þéttvatni, reiknað sem CO ₂
t_h2s	Heildarsúlfíð í þéttvatni, reiknað sem H ₂ S
t_nh3	Ammóníak og ammóníumjónir í þéttvatni, sem NH ₃
t_b	Bór í þéttvatni
t_na	Natríum í þéttvatni
t_hg	Kvikasilfur í þéttvatni
t_rn	Radon í þéttvatni, dpm/kg
t_dd	Tvívetni í þéttvatni, ‰ SMOW
t_do18	Súrefni-18 í þéttvatni, ‰ SMOW

Svartsengi

B-16905	SV-05
B-16906	SV-06
B-16907	SV-07
B-16908	SV-08
B-16909	SV-09
B-16910	SV-10
B-16911	SV-11
B-16912	SV-12

Eldvörp


B-16422	EV-02
---------	-------



Reykjanes

B-18908
B-18909

RN-08
RN-09



D Vatnshæðarmælar á Suðurlandi

VATNSHÆÐARMÆLAR Á SUÐVESTURLANDI, Janúar 1992

Vhm	Nafn stöðvar	Svæði	Tegund	Tæki	Flokkur	Ábyrgur	Rekstur	Byrjar	m y.s.	km ²
RENNSLISSTÖÐVAR										
001	Elliðaár; Heyvað	SV-890	AP2	Hugrún	I	RR	OS	1925.01/1969.05	73	270
185	Hólmsá, Reykjavík; Gunnarshólmi	SV-890	A	A.Ott	II	OS	OS	1972.06	90	220
186	Suðurá, Reykjavík; Hófleðurshóll	SV-890	A	A.Ott	II	OS	OS	1972.06	90	4
081	Korpa; Keldnaholt	SV-890	A	A.Ott	IV	OS	OS	1956.02/1970.02	50	48
124	Kaldá, Hafnarfirði; Kaldársel	SV-890	AE	A.Ott	IV	Hf.	OS	1963.11	87	?
VATNSBORÐSSTÖÐVAR										
084	Kleifarvatn; NV-strönd	SV-890	C	A.Ott	I	OS	OS	1963.12	140	-
180	Elliðavatn; stífla	SV-890	R2	Hugrún	IV	RR	OS	1982.01	74	-
187	Heiðmörk; Undanfari	SV-890	H	A.Ott	IV	VR	OS	1972.09	95	-
188	Heiðmörk; Berhóll	SV-890	H	A.Ott	IV	VR	OS	1972.11	107	-
189	Heiðmörk; Þorgeirsstaðir	SV-890	H	A.Ott	IV	VR	OS	1972.10	155	-
209	Suðurnes; Seljörð	SV-890	H	A.Ott	IV	HS	OS	1977.11	3	-
210	Suðurnes; Stapafell	SV-890	H	A.Ott	IV	HS	OS	1977.11	22	-
211	Suðurnes; veituvegur (HSK-06)	SV-890	H	A.Ott	IV	HS	OS	1977.12	20	-
212	Suðurnes; veituvegur (HSK-12)	SV-890	H	A.Ott	IV	HS	OS	1977.12	26	-
214	Suðurnes; Gjá í Lágum (HSK-11)	SV-890	H	A.Ott	IV	HS	OS	1978.02	16	-
241	Suðurnes; austur af Eldvörpum (EV-01)	SV-890	H	A.Ott	IV	HS	OS	1986.11	45	-
257	Suðurnes; norður af Gjá í Lágum (VS-03)	SV-890	H	Hugrún	IV	VS	OS	1991.02	12	-
258	Suðurnes; norðvestur af Rauðamel (VS-04)	SV-890	H	Hugrún	IV	VS	OS	1991.02	5	-
259	Suðurnes; Rauðamelur (VS-05)	SV-890	H	Hugrún	IV	VS	OS	1991.02	11	-
260	Suðurnes; Njarðvíkurheiði (NV-01)	SV-890	H	Hugrún	IV	VS	OS	1991.02	10	-

SKÝRINGAR

TEGUNDAFLOKKUN VATNSHÆÐARMÆLA			
A	Vhm, rennslisstöð, síriti	J	Úrkomustöð, daglegar mælingar
B	Vhm, rennslisstöð, kvarði	K	Úrkomustöð, safnmælir
C	Vhm, vatnsborðsstöð, síriti	L	Úrkomustöð, safnmælir, síriti
D	Vhm, vatnsborðsstöð, kvarði	M	Úrkomustöð, mælt við jörð
E	Mælistífla, yfirfall	N	Snjósmælistöð
F	Rennslismælistaður	O	Veðurstöð
G	Mælirenna	P	Rafstöð
H	Vhm, grunnvatnsstöð, síriti	Q	Strengjabraut
I	Vhm, grunnvatnsstöð, kvarði	R	Miðlunarlón
1	Fjarriti	5	Lífræðilegar mælingar
2	Vatnshiti mældur	6	Geislun mæld
3	Aurburðarmælingar	7	Mælingar í endurskoðun
4	Efnainnihald mælt	8	Mælingar verða líklega lagðar niður
		9	Mælingar lagðar niður
I	Vatnsbúskaparstöð	IV	Rekstrarstöð
II	Svæðisstöð	V	Rannsóknarstöð
III	Samanburðarstöð		

E Dæmi um skjámyndir


```

ORKUSTOFNUN, BHM                                     19-NOV-92
    *** Svunta - Upplýsingar um borholumælingar ***
Svunta 12347 Staður 16907 Holunafn SG-07 Sv Svartsengi Hr Grindavík
          Staðarnafn SV-07
Dagur 92/09/01 Upphafst. 10:50 Dýpi 1352 Mælistefna N
          Lokatími 12:00 Efsta 0 Z-hliðrun
          Neðsta 1352 Z-viðmið 2" ventill á toppi
Verkkaupi 13 Hitaveita Suðurn Tilgangur Eftirlit
          Mæling T Hiti (°C) K3/K4
          Mæliaðferð A Mekanísk mæling (Amerada) Rennsli 45
          Taki R24585 GMC Prýstingur 16.1
          Menn GrB/GuH Nemi EL-69436 Snalda Verm 1039
          Vatnsborð
Aths "i blæstri" ath. To á toppi var 202 °C Gögn 12
Aths2 Skrá 0
    *** Leit að borholum - K1 og K2 fara úr og í svunta ***
T Staður Nafn Dýpi Staðsetning Svæði Hreppur
B 16907 SV-07 1438 Svartsengi Grindavík
Slaðu inn númer borholu. Hægt er að leita í næstu blokk (PgDn/next).
v Char Mode: Replace Page 1 Count: 1

```

Mynd 5: Síða 1 í skjámyndinni *rf svunta*.

```

ORKUSTOFNUN, BHM                                     19-NOV-92
    ===== Verkkaupi =====
=== Gögn - T Hiti === Kennitala Nafn
Númer Dýpi Gildi dz 13 Hitaveita Suðurnesja
12347 0 202
12347 300 216.5
12347 600 234.4
12347 650 240.3
12347 700 240.8
12347 800 240.8
12347 900 240.8
12347 1000 240.6
12347 1100 240.7
12347 1200 240.4
    ===== Mælingg ===== Aðferð =====
L T Nafn L Nafn
Q M Annað A Mekanísk mæling (Ame
A M Aflmæling (?) G Samfelld mæling (GO)
B M CBL (*) H Handrúllumæling
C M Holuvidd (mm) J JBR (hallamælir)
    ===== Skrá =====
Númer B Nafn á skrá Aths
12347 - - -
    ===== Taki ===== Menn =====
Lykill Nafn Fng Nafn
58305 B-05 HF Hjalti Franzson
GR R24585 eld HS Hilmar Sigvaldason
KERRA Kerra HT Hjörtur Tryggvason
R-1 Handrúlla HTul Helga Tulinius
^ v Char Mode: Replace Page 2 Count: 24

```

Mynd 6: Síða 2 í skjámyndinni *rf svunta*.

```

ORKUSTOFNUN 80/03/17 00:00 800028 Ts _____ EFNASAMSETNING
B-16907 2300 TH 8002 Ps 17.7 GUFU (mg/kg)
Svartsengi SV-07 Po _____ CO2 _____
Grindavik Ho 1018 H2S _____
Q / 55.6 Rn _____
Q EFNASAMSETNING VAINS (mg/kg)
pH 6.03 Li _____ Al _____
/Hiti 24 Na 7062 Cr _____ EFNASAMSETNING EFNASAMSETNING
CO2 55.1 K 1134 Mn _____ GASS (Rúmm-%) ÞÉTTIV (mg/kg)
H2S 75 Mg 956 Fe _____ H2 25 pH 4.76
NH3 _____ Ca 1017 Cu _____ CO2 91.18 /Hiti 24.5
B Sr _____ Zn _____ H2S 13 CO2 431
Leiðni 33333 F 1 As _____ O2 0 H2S 10.9
/Hiti 21.8 Cl 12569 Ag _____ N2 0 NH3 _____
SiO2 426 Br _____ CH4 0.08 B _____
Uppl. E. 22428 I _____ Sb _____ NH3 _____ Na 11070
O2 NO2 Hg _____ Ar 13 Hg _____
Rn NO3 Pb _____ Rn _____ Rn _____
dD HP04 _____ Rn _____
d018 SO4 31.9 Jónav 8.47 LKGTV 768 d018 _____
Massav - 83 /Hiti 32
Númer sýnis - sex tölustafir.
v Char Mode: Replace Page 1 Count: 1

```

Mynd 7: Skjámyndin rf efni.

```

=====SVAEDI =====
SVAEDI NSVAEDI SVAEDISNAFN STEG NYTTINUM FNG SK_TIM BR
10480 2300 Húsatóttir J _____ tj 03-JUL-89 bj 03-SEP-90
10482 2300 Grindavik _____ tj 03-JUL-89 _____
10484 2300 Hafnargata L _____ tj 03-JUL-89 bj 03-SEP-90
10493 2300 Hóp Grindavik J _____ tj 03-JUL-89 bj 03-SEP-90
10494 2300 Hraun Grindavik J _____ tj 03-JUL-89 bj 03-SEP-90
ST =====STADUR =====
TE STADUR SVAEDI STADARNAFN STADARLYSING SK SK
E 16905 10509 SV-05 _____ tj 04-JUL-89
E 16906 10509 SV-06 _____ tj 04-JUL-89
E 16907 10509 SV-07 _____ tj 04-JUL-89
E 16908 10509 SV-08 _____ tj 04-JUL-89
E 16909 10509 SV-09 _____ tj 04-JUL-89
BOR STADUR =====BORVERK=====
STADUR VER NAFN FRA TIL DYPI VKAUP BOR BOR GAN VTAK NAFN_VERKKAUP
16907 4 SV-07 26-JUN-85 27-JUN-85 1438 13 20 H G 45 Hitaveita Suð
16908 1 SV-08 02-APR-79 11-OCT-79 60.5 13 36 F G 31 Hitaveita Suð
16908 2 SV-08 14-NOV-79 15-JAN-80 1603.5 13 60 D G 550 Hitaveita Suð
16908 3 SV-08 14-FEB-83 06-APR-83 1603.5 13 20 H G 35 Hitaveita Suð
^ v Char Mode: Replace Page 1 Count: 38

```

Mynd 8: Síða 1 í skjámyndinni rf holuskraning.

STA	STADUR	STADARNAFN	X	Y	Z	STADUR2	==GAE	JHD	VOD	BR	BR
							HNIT	SVAEDI	SVAEDI	FNÖ	TIM
B	16905	SV-05		717.511	382.547	25.7				GrB	08-FEB-90
B	16906	SV-06		717.454	382.72	27.03				GrB	08-FEB-91
B	16907	SV-07		717.744	382.507	26.7					
B	16908	SV-08		717.661	382.371	26.1					
B	16909	SV-09		717.977	382.519	27.8				GrB	08-FEB-90

		***** BORVERK2 *****						
STADUR	BORVERK	ANNAD	CFRA	CTIL	CBOR	FRA	TIL	
16807	1		M 840900	840900	LO	15-SEP-84	15-SEP-84	
16808	1		M 840900	840900	LO	15-SEP-84	15-SEP-84	
16809	1		M 840900	840900	LO	15-SEP-84	15-SEP-84	
16810	1		M 840900	840900	LO	15-SEP-84	15-SEP-84	
16811	1		M 840900	840900	LO	15-SEP-84	15-SEP-84	
16812	1		M 840900	840900	LO	15-SEP-84	15-SEP-84	
16813	1		M 840900	840900	LO	15-SEP-84	15-SEP-84	
16814	1		M 840900	840900	LO	15-SEP-84	15-SEP-84	
16815	1		M 840900	840900	LO	15-SEP-84	15-SEP-84	
16816	1		M 850200	850200	LO	15-FEB-85	15-FEB-85	

^ v Char Mode: Replace Page 2

Count: 68

Mynd 9: Síða 2 í skjámyndinni *rf holuskraning*.

VERK	NAFN	***** VERKKAUPI *****			
KAUPI	NÚMER	NAFN	HEIMILI	HREPPUR	ATHS
140		Grindavíkurhreppur			
13		Hitaveita Suðurnesja			
7		Jarðhitadeild			

		***** HOLUATHUGASEMD *****			
STADUR	STADARNAFN	ATHUGASEMD			
16908					

Query caused no records to be retrieved. Re-enter.

Char Mode: Replace Page 3 ENTER QUERY

Count: *0

Mynd 10: Síða 3 í skjámyndinni *rf holuskraning*.